



# Flutningur sauðfjár í sláturhús

---

Leiðbeiningar fyrir flutningsaðila og aðra hlutaðeigandi aðila



## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Uppbygging leiðbeininganna .....	2
2.1. Orðskýringar sem gilda í leiðbeiningunum.....	2
2.2. Skilgreiningar byggðar á landslögum.....	3
2.3. Lög og reglugerðir.....	3
3. Stjórnsýslumál .....	4
3.1. Lagaleg ákvæði er varða flutning sauðfjár í sláturhús .....	4
4. Skipulagning og undirbúningur flutninga .....	5
4.1. Inngangur.....	5
4.2. Ferðaplan – skipulagning ferðarinnar .....	5
4.3. Flutningatæki .....	7
4.4. Hæfi dýra til flutnings .....	8
5. Meðhöndlun og rekstur dýra á gripaflutningabíl .....	9
5.1. Inngangur.....	9
5.2. Rekstur á gripaflutningabíl – tæknileg skilyrði .....	10
5.3. Meðhöndlun dýra við rekstur á gripaflutningabíl .....	10
6. Flutningurinn.....	11
6.1. Inngangur.....	11
6.2. Akstur gripaflutningabíls .....	11
6.3. Stjórnun á andrúmsloftinu í flutningsrými gripaflutningabílsins.....	13
6.4. Umönnun veikra eða slasaðra dýra í flutningi.....	15
6.5. Neyðartilfelli .....	17
7. Afferming dýra .....	17
7.1. Inngangur.....	17
7.2. Undirbúningur affermingarsvæðis.....	18
7.3. Meðhöndlun dýra við affermingu .....	19
7.4. Umönnun dýra eftir affermingu .....	19
7.5. Þrif og sótthreinsun búnaðar sem notaður er við flutning dýra .....	20
8. Viðauki – Samantekt þekkingar um góða og betri starfshætti varðandi flutninga sauðfjár .....	21
8.1. Góðir starfshættir .....	21
8.2. Betri starfshættir .....	22

Þessar leiðbeiningar hafa ekki lagalegt gildi og því ekki hægt að byggja á þeim við lagalegan ágreining.

## 1. Inngangur

Markmið þessara leiðbeininga er að stuðla að góðum starfsháttum við flutninga sauðfjár í sláturhús með því að tryggja velferð sauðfjár í flutningi og koma í veg fyrir útbreiðslu sauðfjársláturhúsa með góðri skipulagningu flutninga, réttum þrifum og sótthreinsun flutningatækja og góðri meðferð fjárens við hleðslu, flutning og affermingu í sláturhúsi.

Leiðbeiningunum er beint til bænda, gripaflutningabílstjóra, flutningsrekstraraðila, flutningsskipuleggjenda, (gæslumanna dýra í flutningum) og starfsmanna sauðfjársláturhúsa sem sjá um affermingu dýra. Leiðbeiningarnar eru skrifaðar á grundvelli bindandi ákvæða íslenskra laga á sviði dýravelferðar, þar með talið velferðar sauðfjár, og laga um varnir gegn smitandi dýrasjúkdómum, sem og nýjustu þekkingar á þessu sviði ásamt með reynslu fólks sem tekst á við þetta efni daglega.

Við gerð þessara leiðbeininga var "Guide to good practices to the transport of sheep" útgefið af Evrópusambandinu (DG SANTE, 2017) haft til hliðsjónar.

## 2. Uppbygging leiðbeininganna

Flutningar fela í sér nokkra hugsanlega streituvalda sem geta haft neikvæð áhrif á dýravelferð. Nýtt og óþekkt umhverfi, takmörkuð hreyfigeta vegna innlokunar í þröngum hólfum, skyndileg og óvenjuleg hljóð, einstaklingsbundið hæfi til flutninga, útsetning fyrir óþekktum einstaklingum t.d. úr annarri hjörð, hitastigs- og rakabreytingar ásamt ónógri loftræstingu og takmarkaður aðgangur að drykkjarvatni hefur áhrif á líkamlegt ástand dýranna. Áhrif allra þessara þátta ráðast af reynslu dýra af flutningum og ástandi þeirra fyrir ferðina, eðli ferðarinnar og lengd hennar. Óviðeigandi meðhöndlun og flutningar geta valdið alvarlegum meiðslum, líkamlegu og andlegu álagi, ónæmisbælingu og efnaskiptasjúkdómum. Þetta getur haft áhrif á líkamsþyngd, vökvabúskap og þar af leiðandi gæði kjöts frá dýrum sem ætluð eru til slátrunar.

**Flutningurinn felur í sér álag á dýrin frá því að undirbúningur ferðarinnar hefst þar til að dýrin eru losuð af bílnum í sláturhúsrétt. Til að auðvelda notkun leiðbeininganna í daglegu starfi eru þær byggðar upp í kringum eftirfarandi fimm stig ferðarinnar:**

1. Stjórnsýslumál,
2. Skipulagning og undirbúningur flutninga,
3. Meðhöndlun dýra og hleðsla á bíl,
4. Flutningur,
5. Afferming á áfangastað.

Stig 2-5 ætti alltaf að taka í réttu tímaröð. Fjallað er um stjórnsýslumál sem fyrsta skref þar sem hæfni starfsfólks, þjálfun o.s.frv. er mikilvæg í nánast allri starfsemi meðan á flutningi dýra stendur. Hvert stig nær til nokkurra þátta og fyrir hvert þeirra fela leiðbeiningarnar í sér "**góða starfshætti**" í samræmi við innlenda löggjöf og "**betri starfshætti**" sem ná út fyrir lagalegar skyldur.

### 2.1. Orðskýringar sem gilda í leiðbeiningunum

**Dýr** - eingöngu sauðfé (*Ovis aries*).

**Hleðsla** - hefst þegar fyrsta kindin/lambið yfirgefur stíu/kró í fjárhúsi og endar þegar síðasta kindin/lambið er komin á bílinn.

**Afferming**- lýkur þegar síðasta dýrið yfirgefur flutningatækið (á áfangastað).

**Flutningstími** - tíminn frá hleðslu að affermingu dýranna.

**Góðir starfshættir** - skilgreint sem "samhæft verklag og ferli löggjafar eða reglugerða sem settar eru til að vernda velferð dýra og til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma í dýrum".

**Betri starfshættir** (umfram kröfur innlendrar löggjafar) eru skilgreindir sem "viðbótaráætlunir um hvernig bæta megi verklag og starfsemi. Þær geta farið fram úr öllum lagalegum þáttum tilgreindrar lágmarkskröfu auk þess að bæta velferð dýra við ýmsar aðstæður og með mismunandi verklagi".

## 2.2. Skilgreiningar byggðar á landslögum

**Áfangastaður:** Lokaáfangi ferðar þar sem dýrin eru tekin af flutningatækinu.

**Brottfarastaður:** Sá staður þar sem dýr eru fyrst sett inn á flutningatæki.

**Flutningur:** Ferli sem nær yfir flutning dýra frá brottfarastað að áfangastað og inniber bæði hleðslu og affermingu.

**Flutningatæki/gripaflutningabíll:** ökutæki með eða án tengivagns sem sérútbúinn er til flutninga á dýrum.

**Rekstraraðili ökutækis:** Ökumaður eða hver sá annar sem stjórnar flutningatækinu.

**Flutningsaðili/gripaflutningabilstjóri:** rekstraraðili, einstaklingur eða fyrirtæki sem hefur dýraflutninga sem atvinnu hvort heldur sem er sjálfur eða leigir út tæki til slíkra flutninga.

**Flutningstími:** Tíminn frá hleðslu fyrsta dýrs á brottfarastað til affermingar síðasta dýrs á áfangastað í sláturhúsrétt.

**Flutningsskipuleggjandi:** fyrirtæki eða einstaklingur sem sér um skipulagningu flutninga á dýrum til slátrunar í ákveðnu sláturhúsi.

**Umráðamaður dýra í flutningi:** Eigandi dýranna eða hver sá annar sem er ábyrgur fyrir umönnun dýranna á meðan að á flutningi stendur.

## 2.3. Lög og reglugerðir

**55/2013** - Lög um velferð dýra

**1066/2014** - Reglugerð um velferð sauðfjár og geita

**527/2017** - Reglugerð um velferð dýra í flutningi

**25/1993** - Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim

**911/2012 (EB 1099/2009)** - Reglugerð um vernd dýra við aflifun

**674/2017 (EB 1069/2009)** - Reglugerð um aukaafurðir dýra

## 3. Stjórnsýslumál

### 3.1. Lagaleg ákvæði er varða flutning sauðfjár í sláturhús

#### 3.1.1. Gripaflutningabílsstjóri

**Bílstjóri gripaflutningabíls er umráðamaður dýra sem á bílnum eru á meðan á flutningi stendur.**

Bílstjóri gripaflutningabíls er ábyrgur fyrir öryggi þeirra dýra sem verið er að flytja og fyrir velferð þeirra í flutningi.

#### 3.1.2. Flutningsskipuleggjandi

Skipuleggjendurnir bera ábyrgð á skipulagningu flutninganna. Fyrir hverja ferð þurfa skipuleggjendur að tryggja að dýravelferð sé ekki stefnt í hættu á hinum ýmsu stigum flutninganna og að veg- og veðurskilyrði hverju sinni séu tekin með í reikninginn.

Við flutning dýra skal tryggt að lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og stjórnsýsluleiðbeiningum sem gefin eru út í samræmi við þau séu virt. Þrifa þarf og sótthreinsa ökutæki sem ferðast á milli bæja og svæða kerfisbundið til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma.

Ef um er að ræða slátrun á sauðfé er skylt að þrifa og sótthreinsa flutningatæki þegar ferðast er á milli svæða með mismunandi sjúkdómsstöðu. Þrifa þarf og sótthreinsa flutningatæki fyrir sauðfé í lok hvers dags, en oftast er þörf krefur. Einnig þarf að skipuleggja sauðfjárflutninga með tilliti til varnarhólfa þannig að hreinn og þurr búnaður sé notaður á þeim svæðum sem hafa betri sjúkdómsstöðu en önnur svæði. Og aldrei má fara með óhrein tæki af óhreinna svæði yfir á hreinna.

#### 3.1.3. Flutningsaðilar og sláturhús

Flutningsaðilar bera ábyrgð á flutningi og að tryggja að upplýsingar um áætlun, framkvæmd og frágang ferðarinnar sem þeir bera ábyrgð á séu alltaf tiltækar. Ef um er að ræða flutning dýra til slátrunar þarf sláturhúsið að fá ofangreindar upplýsingar ef um einkaaðila er að ræða. Oftast en ekki eru það starfsmenn sláturhússins sem skipuleggja flutningana í samráði við sína bílstjóra. Þeim ber að hafa þessar upplýsingar alltaf til taks ef eftirlitsaðilar leita eftir því.

Flutningsaðilum ber að tryggja að í hverju flutningatæki sem notað er við flutning á dýrum sé dagbók þar sem skráð er eftirfarandi:

1. Tegund, fjöldi og eigandi dýra.
2. Brottfararstaður.
3. Dagsetning og tímasetning brottfarar.
4. Viðkomustaðir.
5. Áætlaður ferðatími.
6. Áfangastaður.
7. Tímasetning affermingar.
8. Dagsetning og staðsetning sótthreinsunar þar sem það á við.

Dæmi um form fyrir slíka dagbók má finna á heimasíðu MAST (Matvælastofnun mast.is).

Flutningsdagbók skal geyma í 2 ár og skal hún vera aðgengileg fyrir eftirlitsmenn MAST eftir þörfum.

### 3.1.4. Flutningatæki

Flutningatæki, sem ætlað er til flutninga á dýrum skal skoðað og samþykkt af MAST (Matvælastofnun), sem gefur út leyfi fyrir notkun viðkomandi tækis fyrir tilteknar búfjartegundir sem gilda í 5 ár í senn.

### 3.1.5. Flutningstími

Flutningstími dýra til sláturhúss má ekki vera lengri en 10 klst, talið frá upphafi hleðslu dýranna á flutningatækið.

## 4. Skipulagning og undirbúningur flutninga

### 4.1. Inngangur

Góður undirbúningur og skipulagning flutninga á sauðfé er eitt af mikilvægustu stigum ferðarinnar. Það er lykill að vel heppnuðum flutningi dýra í samræmi við lög og reglur, betri starfshætti, góða dýravelferð og efnahagslegan ávinning. Rétt skipulag styður skilvirkan flutning og er nauðsynlegt til að lágmarka áhættu sem stafar af möguleikanum á ósamræmi milli aðila sem taka þátt í mismunandi stigum flutninga dýra í sláturhús.

Flækjustig alls dýraflutningaferlisins krefst skipulagðrar samþættingar á öllum stigum flutninga í samræmi við ákveðin markmið, ábyrgð og eftirlit með verkefnum. Það er nauðsynlegt fyrir flutningsaðila að auk vel hannaðra staðlaðra verklagsreglna (SOP) sé bætt við viðbragðsáætlunum til að takast á við óvænta atburði og vandamál sem geta komið upp við flutning dýra í sláturhús.

Auk þess að undirstrika málefni sem tengjast beint dýravelferð ætti skipulagið að fela í sér áherslu á dýraheilbrigði, heilsu manna og öryggi og efnahagsleg sjónarmið. Mikilvægi skipulags og undirbúnings fyrir flutninga hefur einnig verið staðfest í landslögum og skylt er að ljúka skipulagshluta flutninganna í flutningsdagbókinni áður en flutningar hefjast.

**Út frá dýravelferðarsjónarmiðum þarf skipulagning og undirbúningur flutninganna að innihalda eftirfarandi:**

- Ferðaplan.
- Undirbúningur flutningatækis.
- Undirbúningur dýra og tækjabúnaðar.
- Skjalahald.

### 4.2. Ferðaplan – skipulagning ferðarinnar

Ferðalag dýra til sláturhúss ætti að vera eins slétt, fellt og fljótlegt og mögulegt er til að lágmarka streitu í tengslum við það. Sláturhúsið ætti að skipuleggja vandlega að góð velferð sauðfjár sé tryggð meðan á öllum flutningum stendur. Sem hluti af skipulagningu hvorrar ferðar skal greina afleiðingar tafa, bilana eða annarra aðstæðna til að lágmarka hættu á slæmum áhrifum á velferð dýranna á meðan á öllum flutningunum stendur.

Skipuleggja skal ferðina og undirbúa vandlega þannig að dagsetning og brottfararstaður séu þekkt sem og komutími á áfangastað (sláturhús).

**Ferðaáætlanir ættu að fela í sér skriflegt fyrirkomulag þar sem fram kemur upphaf ferðar, hleðslu- og affermingarstaðir og aðgerðaáætlun í neyðartilvikum.**

**Til viðbótar við upplýsingarnar í flutningsdagbókinni ættu áætlanir einnig að taka mið af:**

1. Leiðinni og áætluðum ferðatíma,
2. Greiningu á veðurspá,
3. Tegund ökutækis til samræmis við lengd ferðar og veðurskilyrði, fjöldi sauðfjár,
4. Áætlaður fjöldi ökumanna,
5. Tryggja að ökutæki sé til staðar á brottfararstað á réttum brottfarartíma.

#### 4.2.1. Ferðatími

Tímalengd ferðarinnar þarf að áætla vandlega og taka þarf tillit til fyrirhugaðrar hleðslu á söfnunarstöðum dýra (bæjum). Velja skal viðeigandi tegund ökutækis og búnað þess eftir lengd ferðarinnar og í samræmi við notkunarhópinn og fjölda sauðfjár í lotunni.

Áætla þarf ferðina þannig að forðast megi tafir vegna umferðar á annatíma, vegaframkvæmda, leiðabreytinga, hálfu og snjókomu eða flóða eftir því sem kostur er.

#### 4.2.2. Neyðaráætlun

Meginmarkmið flutninganna er að afhenda dýrin á réttum tíma og við góðar velferðaraðstæður, þrátt fyrir möguleika á töfum á umferð á vegum. Í reynd getur neyðarástand skapast jafnvel þótt flutningurinn hafi verið rétt undirbúinn og skipulagður. Neyðaráætluninni er ætlað að aðstoða ökumann við að tryggja öryggi og velferð dýra í neyðartilvikum.

Tryggja þarf ótruflað og árangursrík samskipti milli ökumanns og manna á hleðslustað og affermingarstað í sláturhúsrétt. Þeir ættu að vera með símanúmer hvors annars svo að þeir geti skipst á upplýsingum um allar breytingar í tengslum við áætlunina fyrir og á meðan á ferðinni stendur.

Þökk sé tilbúinni neyðaráætlun mun flutningsaðilinn geta brugðist við með skilvirkum hætti og dregið úr áhrifum seinkunar eða slyss á dýrin.

**Þegar töf verður skal ávallt hafa velferð og öryggi dýranna í fyrirrúmi. Ökumaður ber ábyrgð á aðstöðu og öryggi dýranna og á því að tryggja sem stystan ferðatíma.**

Ökumaðurinn ætti að leggja sig fram um að lágmarka seinkunina og veita dýrunum aðgang að vatni og skjóli frá óhagstæðum veðrum, þar með talið að tryggja þeim rétt hitastig og loftræstingu.

**Komi til mikilla erfiðleika á veginum** (til dæmis af völdum umferðarslyss) ætti ökumaður að biðja um aðstoð frá lögreglu til að geta ferðast eins fljótt og auðið er fram hjá hindruninni á veginum.

**Komi til vélarbilunar í flutningtækinu** skal ákvarða orsök bilunarinnar og áætla viðgerðartíma. Ef viðgerð er ekki möguleg á staðnum eða tekur of langan tíma skal útvega annað flutningatæki.

Besta lausnin í þessu tilfelli væri að flytja sauðféð á milli bíla. Ef það er ekki mögulegt skal fylgja tilmælum þessara leiðbeininga um affermingu og hleðslu dýra þannig að kröfur um öryggi, sjúkdómavarnir og velferð dýranna séu uppfylltar.

Neyðaráætlunin ætti að vera í ökutækinu. Áætlunin ætti að vera þekkt og lærd af öllum þeim sem koma að flutningunum í hverri ferð. Í neyðaráætluninni ætti að koma fram hvernig á að takast á við ófyrirséða atburði og tafir þannig að dýrin verði ekki fyrir meiri skaða en orðinn er. Tafir geta orðið vegna veðurs, umferðarteppu, vegaframkvæmda, vélarbilunar eða lokunar fyrirtækja (t.d. sláturhúss).

Neyðaráætlunin, auk ofangreindra atriða, verður að innihalda upplýsingar um hvar eigi að ráðstafa dýrum í neyðartilvikum.

Í neyðartilvikum er neyðaráætlunin virkjuð af ökumanni í samráði við flutningsaðila.

#### Neyðaráætlunin ætti að fela í sér:

1. hvernig hægt er að viðhalda stöðugu sambandi milli flutningsaðila og ökumanna,
2. hvernig hafa á samband við viðeigandi þjónustuaðila (lögreglu/dýralækni/MAST (Matvælastofnun)),
3. lista yfir tengiliðanúmer allra hlutaðeigandi aðila,
4. hvernig og hvar á að gera við ökutækið komi til bilunar,
5. hvernig á að afferma dýr í neyðartilvikum eða ef töf verður,
6. upplýsingar um hvernig og hvar hægt er að nálgast vatn, fóður og skjól fyrir dýr ef ófyrirséðar langar tafir verða,
7. upplýsingar um önnur mál sem nauðsynleg eru til að forðast þjáningar dýra sem stafa af töfum á flutningi.

### 4.3. Flutningatæki

Hönnun, viðhald, undirbúningur og stjórn flutningatækis eru lykilatriði til þess að tryggja háa staðla hvað varðar sjúkdómstöðu og velferð dýra í flutningi.

#### 4.3.1. Loftræsting

Skortur á viðunandi loftskiptum er mikil ógn við dýravelferð í ökutækinu. Þess vegna er mikilvægt að vera með loftræstikerfi sem uppfyllir þarfir dýranna sem best. Fullnægjandi og rétt stillt loftræstikerfi er mikilvægt heilsu dýra í flutningi óháð vegalengd. Veðurskilyrði geta breyst og valdið mismunandi varmaálagi dýra í flutningi.

Loftræstikerfi geta verið vélræn eða náttúruleg. Náttúruleg loftræsting (loftop) er algeng í ökutækjum sem notuð eru í stuttar ferðir (yfirleitt innan við 8 klukkustundir), en vélræn loftræstikerfi eru nauðsynleg fyrir langar ferðir. Lágmarks loftskipti í vélrænni loftræstingu ættu ekki að vera minni en 60 m<sup>3</sup> / klst á 100 kg af lifandi þyngd.

#### 4.3.2. Hönnun og viðhald flutningatækja

##### 4.3.2.1. Góðir starfshættir við hönnun flutningatækja og þjónustu við þau

- Útblástursgufur farartækja mega ekki fara inn í flutningsrýmið með dýrunum vegna hættu á köfnun.
- Farartækið skal hannað á þann hátt að ekki sé hættu á að dýrin festi sig eða slasi eða slasi önnur dýr í flutningsrýminu.
- Gólfefni skulu hönnuð til að hámarka grip og lágmarka hættu á að dýr renni eða detti. Griplausnir eru aðallega gólfmótun eða gróp/listi í gólfinu. Ef sauðfé rennur eða fellur skal finna orsökina og grípa til nauðsynlegra lagfæringa.
- Sérstaklega skal hugað að farartækjum þar sem dýrin eru flutt á mörgum hæðum. Þessar tegundir farartækja ættu að vera þannig hannaðar, viðhaldið og stjórnað, að öryggi dýranna sé tryggt og að dýr á efri hæðum óhreinu ekki þau sem eru á á neðri hæðum.
- Nota þarf grindur inni í flutningsrýminu til þess að skipta hólfum meira niður þegar ferðast er í fjallendi, á svæðum með mikinn umferðarpunga eða þegar lítill fjöldi sauðfjár er fluttur til að forðast að dýrin kastist til og verði fyrir meiðslum. Grindur ætti einnig að nota til aðskilnaðar milli dýra af ólíku kyni, frá ólíkum bæjum o.s.frv. þegar þörf krefur.



- Í löngum ferðum ætti ökutækið að vera búið að minnsta kosti fjórum hitaskynjurum á hverri hæð. Þetta er vegna sveiflna í hitastigi inni í ökutækinu eftir því á hvaða svæði sauðféð er (líklegt er að hæsti hiti mælist fremst í ökutækinu á efstu hæðinni; líklegt er að lægsti hiti mælist á neðstu hæðinni í farartækinu).
- Nauðsynlegar vélavíðgerðir (t.d. skipti á dekkjum) og reglubundið eftirlit þarf að fara fram tímanlega til að koma í veg fyrir ófyrirséðar tafir.
- Lömb og nýlega rúið sauðfé (allt að 10 dögum eftir rúning) eru viðkvæm fyrir vindi og þarf að flytja í lokuðum farartækjum eða sem eru tryggilega lokuð með segldúk til verndar gegn veðurskilyrðum sem geta valdið streitu vegna hita eða kulda. Nýlega rúið sauðfé má aðeins flytja ef ull þeirra er að minnsta kosti 7,0 mm (t.d. þegar hún hefur vaxið til baka eða sauðféð hefur verið sérstaklega rúið).

Tafla 1. Lágmarks rými fyrir sauðfé í flutningsrými gripaflutningabíls sbr. viðauka II í reglugerð 527/2017.

Flokkur	Þyngd (kg)	m <sup>2</sup> / dýr
Rúið fé	< 55	0,2 – 0,3
lömb	> 55	> 0,3
Órúið fé	< 55	0,3 – 0,4
	> 55	> 0,4
Lembdar ær á seinni hluta meðgöngu	< 55	0,4 – 0,5
	> 55	> 0,5

#### 4.4. Hæfi dýra til flutnings

Gæta skal þess að hver og einn einstaklingur sé hæfur til flutnings áður en hann er rekinn á gripaflutningabílinn í samræmi við kröfur rg. 527/2017. **Ekki má flytja þunguð dýr sem gengin eru með 90% eða meira af meðgöngutímanum, nýlega borin kvendýr eða lömb yngri en viku gömul.**

Enn fremur má ekki flytja dýr ef eitt eða fleira af neðan greindu á við:

- dýr sem **finna fyrir miklum sársauka við hreyfingu**, t.d. dýr með brotna útlími eða mjaðmagrind,
- dýr með **alvarlegar blæðingar eða sár**,
- dýr sem **geta einungis staðið upp þegar þau eru þvinguð til þess eða geta alls ekki staðið upp (t.d. mjög veik, þreytt eða veikburða)**,
- hölt dýr sem **stíga illa eða ekki í útlím eða útlími**,
- dýr með **augljósar alvarlegar blóðrásartruflanir eða öndunarfærasjúkdóma**,
- dýr með **sýnileg taugaeinkenni**, t.d. dýr sem ekki geta haldið jafnvægi,
- blind dýr.

**Árangursríkar aðgerðir sem hægt er að grípa til heima á bæ ef sauðfé er óhæft til flutnings eru m.a.:**

- hvíld á hentugum stað,
- veita skjól með því að taka féð afsíðis, fóðra það og brynna því,
- kalla til dýralækni sé þess þörf,
- aflifun (á mannúðlegan hátt) ef nauðsyn krefur.

Það að dýrin þekki hvert annað er mikilvægt atriði sem getur haft áhrif á **velferð dýra í flutningi**. Raða ætti dýrum á bílinn m.t.t. þessa, þ.e. leitast við að hafa dýr sem þekkjast saman í stíum sé þess kostur. Ef dýr úr ókunnugum hjörðum eru sett saman í stíu eykur það álag og getur leitt til óróa og slagsmála.

Annað mikilvægt atriði sem hafa þarf í huga er magn fóðurs og vatns sem dýrin fá fyrir flutning. Það að halda fóðri frá dýrum fyrir flutning dregur úr líkum á að þau óhreinist, þembist upp eða verði afvelta. Samt sem áður er mikilvægt að fóðri sé ekki haldið frá dýrum í of langan tíma þar sem hungur minnkar úthald dýranna og getur leitt til þreytu og ofþornunar á meðan á flutningum **stendur með tilheyrandi áhrifum á kjötgæði (þurrt og dökkt kjöt)**.

Ef fyrirséð er að dýrin þurfi að bíða lengi eftir að vera flutt verður umráðamaður þeirra að huga vel að viðeigandi fóðrun og brynningu þeirra á meðan þau bíða. **Almennt skal halda fóðri frá dýrum síðustu tvo klukkutímanna fyrir flutning en gæta skal þess að þau hafi alltaf aðgang að vatni.**

**Halda skal fóðri frá dýrum sem flytja á til slátrunar í a.m.k. 6 tíma fyrir flutning. Ef sauðfé er slátrað innan 12 klukkustunda frá flutningi frá brottfarastað skal halda fóðrinu frá þeim í a.m.k. 8 klukkustundir fyrir flutning.**

#### 4.4.1. Síðustu skrefin áður en dýr eru rekin á gripaflutningabíl

Skipta skal dýrunum niður í viðeigandi hópa áður en byrjað er að reka þau á bílinn. Slíkir hópar ættu að samanstanda af dýrum af svipaðri stærð og aldri. Best er ef hóparnir eru **samsettir af dýrum sem þekkjast áður og mynduðu sjálf hópa fyrir flutninginn**. Þetta er mikilvægt til að lágmarka álag á féð við rekstur á bílinn, við affermingu og í flutningi.

Best er ef **einstaklingsnúmer dýranna sem flytja á eru skrifuð niður** fyrir flutning. Einnig þarf að undirbúa **útfyllingu dagbókar um flutning dýranna**.

## 5. Meðhöndlun og rekstur dýra á gripaflutningabíl

### 5.1. Inngangur

Rekstur sauðfjár á gripaflutningabílinn er sá liður í flutningum þeirra sem veldur þeim hvað mestu álagi. Þegar dýrin eru rekin á gripaflutningabílinn eru þau rekin úr stíunum á upprunastaðnum að bílnum og á bílinn eftir skábraut / rampi. Álagið sem dýrin upplifa er af lífeðlisfræðilegum og sálfræðilegum toga. Dýrið þarf að leggja aukalega á sig líkamlega þegar það fer upp á bílinn auk þess sem það að fara úr þekktum aðstæðum í óþekktar veldur því andlegu álagi. Enn fremur veldur það dýrinu andlegu álagi að vera meðhöndlað af ókunnugu fólki við reksturinn á bílinn.

**Til að draga úr álagi við rekstur dýra á gripaflutningabíl eru eftirfarandi tveir þættir mikilvægir:**

- **Í fyrsta lagi** ætti hönnun rekstrarganga í gripahúsum og hönnun rampa / skábrauta að stuðla að eðlilegum hreyfingum dýra. Léleg hönnun á rekstragöngum og affermingarbúnaði ásamt óviðeigandi meðhöndlun dýra getur leitt til þess að þau renna, detta, merjast eða meiðast á annan hátt, auk þess sem það eykur álag á dýrin sem getur haft í för með sér að kjötgæði minnka og þar með minnkar hagnaðurinn af innlegginu.
- **Í öðru lagi** ætti að forðast illa / óviðeigandi meðhöndlun dýra. Þess vegna er þess krafist að þeir starfsmenn sem koma að rekstri dýra á og af gripaflutningabíl hafi reynslu af meðhöndlun sauðfjár og þekkingu á náttúrulegri eðlishvöt sauðfjár. Sauðfé er hjarðdýr og hefur sterka hjarðhegðun. Þess vegna hefur það sterka tilhneigingu til að vilja færa sig úr stað hlið við hlið. Sauðfé upplifir mikið álag þegar það er sett í hópa með færri en fimm einstaklingum. Þess vegna er alls ekki mælt með að flytja sauðfé einsamalt. Sauðfé sem er eitt og aðskilið frá öðru sauðfé jarmar mikið og bryður tennur sem er merki um álag. Það þarf að gera ráð fyrir nægum tíma þegar fé er rekið á gripaflutningabíl. Óviðeigandi meðhöndlun sauðfjár við rekstur á bíl er ein algengasta orsök fyrir því að það merst í flutningi.

## 5.2. Rekstur á gripaflutningabíl – tæknileg skilyrði

### 5.2.1. Góðir starfshættir varðandi búnað til rekstrar sauðfjár á gripaflutningabíl

- Undirbúa þarf **hleðslusvæðið** fyrir flutninginn.
- **Hliðarskjólborð á skábrautum / römpum og rekstrargöngum** verða að vera nægjanlega há til að dýr geti ekki stokkið yfir þau. Möguleg bil á skjólborðunum verða að vera nægjanlega lítil til að komið sé í veg fyrir að fé geti fallið út fyrir, fest fætur eða slasast.

### 5.2.2. Betri starfshættir varðandi búnað til rekstrar sauðfjár á gripaflutningabíl

- **Hæð** hliðarskjólborða og rekstrarganga ætti að vera a.m.k. 1,2 m, án bila sem gætu skaðað féð eða hindrað för þess þangað sem það á að fara.
- **Efnið** sem hylur bilið á milli yfirborðs skábrautarinnar / rampsins og gólfsins í flutningsrými gripaflutningabílsins ætti að vera **álagsþolið** til að koma í veg fyrir að fé detti út fyrir eða að það festi fætur og/eða hljóti áverka á fótum við rekstur á gripaflutningabíl.
- Leggja má **lag af heyi eða hálm** á yfirborð skábrautarinnar / rampsins til að auka grip og koma í veg fyrir að dýrin renni til eða detti. Við brottför er slíkur undirburður skilinn eftir á bænum.
- **Halli skábrautarinnar / rampsins** ætti að vera eins lítill og mögulegt er (helst undir 10 gráðum) og sérstaklega er mælt með að minnka hallann þegar lömb eru rekin á bílinn. Hægt er að minnka hallann með því að nota færanlegar skábrautir / rampa til að framlengja skábraut / ramp gripaflutningabílsins.
- **Skábrautinn / rampurinn** þarf að hafa óskreypt yfirborð.
- **Breidd skábrautarinnar / rampsins** ætti að vera nægjanleg svo dýr getir hreyft sig áfram í hópum. Sauðfé er hjarðdýr og hefur sterka hvöt til að halda hópinn. Þess vegna hefur það tilhneigingu til að vilja hreyfa sig úr stað hlið við hlið frekar en eitt og eitt.
- **Flutningsaðilinn** verður að sjá til þess að skábrautin / rampurinn sé rétt tengd við gripaflutningabílinn og að bilið milli hennar og bílsins sé nógu lítið til að lágmarka líkurnar á að fé slasist þegar það er rekið á bílinn.
- Í þeim tilfellum þar sem **halli** skábrautarinnar / rampsins er meiri en 10 gráður, sem jafngildir 17,6 cm á hæð og 1 metra frá neðri brún skábrautarinnar / rampsins, ætti yfirborð skábrautarinnar / rampsins að vera útbúið listum til að draga úr líkum á að dýrin renni til og veigri sér við að ganga á bílinn.
- **Lyftur og efri hæðir** ættu að vera útbúin skjólborðum til að koma í veg fyrir að dýr falli út fyrir eða sleppi þegar þau eru rekin á eða af bílnum.
- **Færanlegur ljóskastari** verður að vera til staðar þegar féð í flutningsrými gripaflutningabíls er skoðað á nóttunni eða við ófullnægjandi birtuskilyrði. Sauðfé ætti að reka úr minni birtu yfir í meiri lýsingu.

## 5.3. Meðhöndlun dýra við rekstur á gripaflutningabíl

### 5.3.1. Góðir starfshættir við rekstur dýra á gripaflutningabíl

Sauðfé er hjarðdýr. Það upplifir minna álag í návist annars fjár sem það þekkir. Sauðfjárhópa ætti að umgangast eins hljóðlega og rólega og mögulegt er til að draga úr streitu og hættu á meiðslum.

Sauðfé bregst við hættum með því að sýna merki um álag, t.d. flóttaviðbrögð. Þess vegna ætti að umgangast sauðfé af nærgætni og án hávaða. Forðast skal öskur, há hljóð og skyndilegar hreyfingar.

Sauðfé ætti ekki að draga á ullinni, slá, ýta eða meðhöndla á annan öfgafullan hátt.

Ganga þarf úr skugga um að engir aðskotahlutir eða annað sem féð getur verið hrætt við séu á skábrautinni / rampinum. Ef nauðsynlegt reynist að þvinga féð til að hreyfa sig ætti að kanna hvort búnaðurinn sem notaður er við rekstur á bílinn hæfi aðstæðum.

Sé þess kostur ætti að reka dýr af minna lýstu svæði yfir á betur lýst svæði þar sem þau eiga það til að hika ef þeim er ætlað að fara úr meiri lýsingu yfir í minni. Í slíkum tilfellum ætti að bæta lýsingu með ljóskösturum.

Sá sem meðhöndlar sauðfé á meðan á flutningi stendur ætti að grípa til nauðsynlegra aðgerða miðað við aðstæður hverju sinni til að draga úr líkum á meiðslum eða sársauka. **Hér er sérstaklega átt við:**

1. Ekki skal lyfta sauðfé á höfði, eyrum, hornum, hálsi, dindli, fótum eða ull.
2. Ekki má sláa sauðfé eða sparka í það.
3. Athuga skal ástand dýranna á efra hæðum bílsins áður en þær er lækkaðar.
4. Áður en vökvalyftur eða efri hæðir eru hreyfðar skal athuga báðar hliðar gripaflutningabílsins til að koma í veg fyrir að dýrin festist eða klemmist á milli.

### 5.3.2. Betri starfshættir við rekstur dýra á gripaflutningabíl

Í umgengni við sauðfé ætti að nýta hjarðhegðun þess. Það er sauðfé eðlislægt að fylgjast að í hópi. Sauðfé hefur svokallaðan blindan blett í sjónsviðinu sem þarf að hafa í huga við alla umgengni við það.

Veifur eða plastpoka má nota til að hvetja dýrin til að hreyfa sig áfram og auðvelda þannig rekstur á gripaflutningabíl. Þessi aðferð er hagnýt og oft gagnleg sérstaklega þegar lömb eru rekin á gripaflutningabíl.

Hafa ber í huga að beita skal aðferðum við rekstur sauðfjár sem taka tillit til dýravelferðar, vinnuaðstæðna og hagkvæmni.

## 6. Flutningurinn

### 6.1. Inngangur

Þeim mun lengri sem flutningstíminn er því meiri hættu er á að flutningurinn hafi neikvæð áhrif á velferð fjárins sem verið er að flytja. **Það eru aðallega þrjú þættir sem geta haft áhrif á velferð sauðfjár á meðan á flutningi stendur. Þessi áhrif aukast eftir því sem ferðin lengist. Þessir þættir eru lífeðlisfræðilegt ástand dýranna, ástand fjárins m.t.t. fóðrunar, vökvabúskapar og hvíldar og umhverfshiti.**

Ef dýr eru fær til flutnings og vel undirbúin fyrir vel skipulagða ferð eru þau líklegri til að vera í góðu ástandi við komu á áfangastað og geta jafnað sig fljótt eftir affermingu og tiltölulega stutta hvíld.

**Aksturslag hefur áhrif á streitustig dýra í flutningi.** Rólegur og mjúklegur akstur gerir dýrunum kleift að vera tiltölulega afslöppuð á meðan á flutningum stendur, á meðan glannalegt og rykkjótt aksturslag eykur streitu dýranna um borð. Enn fremur hafa rannsóknir sýnt að glannalegt og rykkjótt aksturslag við flutning dýra eykur ekki aðeins streitu dýranna heldur veldur einnig verulegri rýrnun á gæðum kjötsins sem af þeim kemur.

### 6.2. Akstur gripaflutningabíls

Gripaflutningamenn gegna mjög mikilvægu hlutverki við flutninga búfjár. Þeir bera mestu ábyrgðina á velferð dýranna á meðan á flutningum stendur. Aksturslag, tími sem gripaflutningamenn verja í að fylgjast með velferð dýranna á meðan á flutningum stendur og það hversu vel þeir eru undir það búnir að takast á við neyðartilvik hefur allt veruleg áhrif á árangur sauðfjárflutninga.

Um borð í gripaflutningabíl á ferðinni reyna öll dýr að halda jafnvægi og forðast um leið snertingu við önnur dýr. Dýr geta dottið ef aksturslagið er ekki í lagi. Rykkjótt aksturslag hefur slæm áhrif á velferð fjárins um borð og hefur í för með sér aukið álag og auknar líkur á meiðslum. Þetta stafar helst af því að líkurnar á að féð missi jafnvægið og detti aukast til muna við rykkjótt aksturslag. Slíkt aksturslag veldur því að féð þarf stöðugt að vera að aðlaga stöðu sína á bílnum til að halda jafnvægi og forðast það að detta.

Þó svo að ökumaðurinn hafi góða stjórn á bílnum hefur hann aðeins að hluta til stjórn á dýrunum um borð. Ökumenn verða því að bæta fyrir þetta stjórnleysi með því að nýta þekkingu sína á því hvernig dýrin haga sér við hin ýmsu akstursskilyrði.

Í flutningi stíga dýr með auknum þunga í fæturna og reyna þannig að halda sér uppistandandi hvað sem á dynur. Þeim mun meiri þunga sem þau nota þeim mun meira álag upplifa þau.

**Varfærin hemlun** hjálpar til við að halda dýrunum um borð stöðugum án þess að þau þurfi að hafa of mikið fyrir því að standa í fæturna.

**Harkaleg hemlun** veldur auknu álagi og óþægindum fyrir dýrin um borð sem getur haft áhrif á kjötgæði.

### 6.2.1. Gott aksturslag

Ökumenn ættu að aka bílnum mjúklega og forðast skyndilega hemlun til að lágmarka óþarfa álag á dýrin sem þurfa þá að aðlaga stöðu sína til að halda jafnvægi og til að koma í veg fyrir að þau skaðist, merjst, renni til eða detti.

Ökumenn þurfa að vera meðvitaðir um hvaða erfiðleikar geta komið upp við þær aðstæður sem þeir vinna við. Flutningar dýra eru þeir flutningar sem krefjast hvað mestrar kunnáttu af ökumanninum. Gripaflutningabílar eru þungir og eru oft lestaðir dýrum sem eru laus á bílnum og ekki fullkomlega örugg.

**Forðist harkalega hemlun.**

Miða ætti að hámarks **notkun á inngjöfinni**.

Fylgjast þarf með að **hemlar og hemlakerfi séu rétt stillt**.

Ef ökutækið er búið **öðrum búnaði til að draga úr hröðun** ætti að nota hann frekar til að forðast harkalega hemlun.

**Ökumenn ættu að biðja strax um aðstoð ef upp koma vandamál við flutninga dýra til að koma í veg fyrir óþarfa álag á sjálfa sig og dýrin.**

Fari ökumenn eftir eftirtöldum tilmælum aukast líkurnar á að dýrin komist í góðu ástandi á ákvörðunarstað:

- Farðu rólega af stað og forðastu að stöðva skyndilega; að taka snögglega af stað, beygja á of miklum hraða o.s.frv. getur valdið því að dýrin detta.
- Haltu ökutæki sem er lestað dýrum á stöðugri hreyfingu sérstaklega ef heitt er í veðri. Þannig tryggir þú að dýrin fái stöðugt ferskt loft og að þeim verði ekki of heitt. Einnig hindrar þú að gas sem fylgir saur dýranna safnist fyrir á bílnum.
- **Skipulegðu að stoppa reglulega og kanna velferð dýranna á bílnum** (kannaðu hvort einhver dýr hafi dottið, hvort einhver dýr sýni merki um sjúkleika eða hvort þeim sé of kalt eða of heitt). Eftirlitið getur farið fram með myndavélakerfi eða beint.

- Þegar þú stoppar til að athuga með dýrin **gættu þá einnig að því hvort öryggi þeirra sé tryggt** á bílnum. Vertu viss um að skilrúm séu á sínum stað og rétt fest og útgönguleiðir séu tryggilega lokaðar.
- **Vertu tilbúinn að taka strax ákvarðanir um að fá aðstoð eða grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja velferð dýranna ef veðurskilyrði breytast.**

## 6.2.2. Betra aksturslag

Fylgjast ætti með og skrá akstursgæði með ökurita sem settur er upp í ökutækinu.

Lágmarka ætti þann tíma sem gripaflutningabílar og eftirvagnar eru skildir eftir eftirlitslausir, sérstaklega þegar líkur eru á að velferð dýranna sé í hættu.

Forðast ætti að aka lestuðum gripaflutningabílum í gegnum þéttbýli á háannatíma ef mögulegt er.

Verði umtalsverðar tafir á umferð ættu ökumenn að íhuga að óska eftir forgangi fram hjá hindruninni þar sem velferð dýranna um borð er í húfi ef mikil seinkun verður á flutningum.

## 6.3. Stjórnun á andrúmsloftinu í flutningsrými gripaflutningabílsins

Mjög heitt og mjög kalt andrúmsloft eða miklar hitasveiflur (t.d. þegar ekið er yfir fjallvegi) geta haft áhrif á dýrin í lengri ferðum. Þetta eykur álagið sem flutningarnir valda dýrunum. Gott andrúmsloft í flutningsrýminu er lykilatriði til að tryggja velferð dýranna. Slæmt andrúmsloft getur aukið verulega hættuna á hitaálagi, þ.e. streitu af völdum mjög lágs eða mjög hás lofthita.

**Þess vegna ætti að huga sérstaklega að:**

- Loftstreymi í flutningsrými gripaflutningabílsins,
- Aksturshraða gripaflutningabílsins,
- Fjöldi, staðsetning og aðstæður á fyrirhuguðum stöðvunarstöðum,
- Kröfur um yfirborð gólfplatnar í flutningsrýminu,
- Ástand fjárins um borð.

Á meðan á flutningum stendur ætti ökumaðurinn að vera vakandi fyrir öllum hnökrum sem upp kunna að koma með því að hafa reglulegt eftirlit með dýrunum og grípa inn í á viðeigandi hátt ef vandamál koma upp varðandi dýrin í flutningsrýminu. Þess vegna er mælt með því að stöðva ökutækið reglulega og kanna ástandið í flutningsrýminu, sérstaklega í lengri ferðum. Ef dýrin mæðast er það vísbending um að hitastigið í flutningsrýminu sé of hátt. Mæði getur einnig verið afleiðing þess að of mikill þéttleiki er meðal dýranna í flutningsrýminu eða að loftræstingu sé ábótavant. Ef dýrin þjappa sér saman er það vísbending um að þeim sé kalt.

### 6.3.1. Góðir starfshættir varðandi stjórnun andrúmsloftsins í flutningsrými gripaflutningabíls

- **Hitastigið í flutningsrýminu** ætti ekki að fara undir 5°C eða yfir 30°C með vikmörk upp á 5°C. Þetta jafngildir því að hitastigið þarf alltaf að vera á bilinu 0°C-35°C.
- Forðist að leggja gripaflutningabílnum í óvörðu sólskini í lengri tíma í **heitu veðri**. Þegar þess er kostur ætti að leggja gripaflutningabílum með náttúrulega loftræstingu hornrétt á vindáttina og skilja ætti loftræstiopin eftir opin til að hámarka loftstreymi í gegnum flutningsrýmið.
- Tryggið að **næg loftskipti** séu hjá dýrum í flutningsrýminu.
- Í **heitu veðri** ætti aldrei að skilja gripaflutningabíl eða eftirvagn með dýrum á eftir án loftræstingar og eftirlits.
- **Í heitu veðri er mælt með því að lágmarka fjölda lengri stoppa.** Ef það hins vegar reynist nauðsynlegt að stoppa ætti að leggja gripaflutningabílnum í skugga sé þess kostur. Þannig fæst betra andrúmsloft í

flutningsrýminu. Ef mögulegt ætti að opna hleðslurampinn til að auka loftstreymi í flutningsrýminu á meðan bíllinn er í kyrrstöðu. **Ekki ætti að leggja nálægt öðrum gripaflutningabílum þar sem það skapar skjól sem hugsanlega takmarkar loftstreymi og eykur hættu á smiti dýrasjúkdóma á milli gripaflutningabíla.**

### 6.3.2. Betri starfshættir varðandi stjórnun andrúmsloftsins í flutningsrými gripaflutningabíls - almennt

Fylgjast þarf með hitastigi og raka í flutningsrýminu. Þetta er t.d. hægt að gera með búnaði sem mælir hita- og rakastig og reiknar sjálfkrafa út hita- og rakastigs stuðul. Aflestrarhluta slíks tækis má setja upp í ökurýminu til að auðvelda vinnu við að fylgjast með mælingum.

Ökumenn verða alltaf að sjá til þess að loftræsting í flutningsrýminu sé fullnægjandi svo viðeigandi hitastig og loftgæði í flutningsrýminu séu tryggð.

Ef dýr sýna einkenni eitrunar vegna skaðlegra lofttegunda, t.d. aukin táraframleiðsla, nefstífla, hósti eða sjóntruflanir, skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að dýrin verði fyrir meiri áhrifum af þessum lofttegundum. Auka ætti loftræstingu eða grípa til annara ráðstafana til að eyða skaðlegu lofttegundunum. Ef allt annað þrýtur skal fjarlægja dýrin úr flutningsrýminu.

### 6.3.3. Betri starfshættir varðandi stjórnun andrúmsloftsins í flutningsrými gripaflutningabíls í köldu loftslagi

Forðist álag vegna kulda og frosthörku í köldu veðri, sérstaklega þegar nýlega rúið fé er flutt og í lengri ferðum. Tafarlausar aðgerðir þegar hætta er á ofkælingu dýra eru m.a. þessar:

1. **Bíða með að reka dýrin á bílinn þar til veður skánar,**
2. **Minnka rýmið sem dýrin eru í** ef þau hafa meira pláss en krafist er að lágmarki en gæta að því að minnka það ekki meira en lágmarks kröfur gera ráð fyrir.
3. **Skýla gripum gegn vindi á köldum dögum með því að stilla loftop og glugga** með hliðsjón af lágmarkskröfum um loftræstingu.
4. Ef gripaflutningabíllinn er búinn **hliðaropnun ætti að stýra henni** til að viðhalda góðri loftræstingu.
5. **Setja einungis þurra gripi á bílinn;** flutningur á blautum gripum getur verið banvænn þar sem kuldinn hefur meiri áhrif á blauta gripi heldur en þurra vegna meiri hættu á ofkælingu.

Jafnvel þykkt ullarlag verndar sauðfé ekki fullkomlega gegn vindi, sérstaklega þegar ullin er blaut.

1. **Verndið gripina gegn kaldri rigningu og slyddu;** slíkar aðstæður geta verið banvænar fyrir sauðfé; jafnvel þykk ull sauðfjár verndar það ekki fullkomlega gegn ofkælingu þegar það blotnar mikið í frostrigningu / slyddu.
2. Ef nauðsynlegt er og ef það er líklegt til árangurs er hægt að **hita flutningsrýmið upp með hitara** fyrir hleðslu, sérstaklega ef flytja á unga gripi.

### 6.3.4. Betri starfshættir varðandi stjórnun andrúmsloftsins í flutningsrými gripaflutningabíls í heitu loftslagi

Í heitu veðri ætti alltaf að hafa gott eftirlit með vísbendingum um að dýrin séu að ofhitna. Til að koma í veg fyrir ofhitnun dýranna á meðan á flutningi stendur skal hafa eftirfarandi í huga:

1. Ef mjög heitt er í veðri ætti að huga að því að **flytja og reka sauðfé á bíl** á svalari tíma sólarhringsins, t.d. að nóttu til,

2. **Notkun loftkælingar** sé hún til staðar,
3. **Auka rými fyrir hvern grip um a.m.k. 30%** (ákvörðun um að gera það ætti að taka fyrir hleðslu og hafa í huga aukna hættu á að féð missi jafnvægið á akstri),
4. **Brynna gripunum** eins oft og kostur er,
5. Auka loftræstingu,
6. **Forðast umferðaröngþveiti** eins og kostur er,
7. Leggja gripaflutningabílum í skugga og þar sem næg hreyfing er á lofti.

## 6.4. Umönnun veikra eða slasaðra dýra í flutningi

Við flutning dýra ætti að fylgjast stöðugt með þeim á meðan á ferðinni stendur til að tryggja öryggi þeirra og velferð. Mælt er með að stoppa reglulega til að kanna ástand og líðan dýranna um borð. Þegar um er að ræða stóra gripaflutningabíla sem jafnvel eru með margar hæðir getur verið erfitt að hafa eftirlit með öryggi og velferð allra dýranna um borð. Í slíkum tilfellum geta eftirlitsmyndavélar hugsanlega hjálpað til við að hafa eftirlit með dýrunum í flutningsrými gripaflutningabílsins.

Sjúkum eða slösuðum dýrum í flutningum má skipta í þrjú flokka:

- Dýr sem eru veik eða slösuð við brottför og haldið aðskildum frá öðrum dýrum (óhæf til flutnings),
- Dýr sem uppgötvast að eru veik eða slösuð eftir að flutningur hefst,
- Dýr sem uppgötvast að eru veik eða slösuð við komu á ákvörðunarstað.

Sumir gripir geta tilheyrt fleiri en einum af ofangreindum hópum. Ef gripir falla í hóp 1, þ.e. eru veik eða slösuð við brottför, ætti ekki að meta þau hæf til flutnings og þau ætti ekki að setja á gripaflutningabílinn (sjá einnig kafla 4.4. Hæfi dýra til flutnings). Gripir sem dýravelferðarfulltrúi sláturhússins metur sem veika eða slasaða við komu í sláturhúsið eru teknir til hliðar og skoðaðir sérstaklega af eftirlitsdýralækni í hefðbundinni skoðun fyrir slátrun. Í neyðartilfellum er eftirlitsdýralæknir kallaður í réttina utan hefðbundins tíma sem skoðun fyrir slátrun fer fram á eða jafnvel að gripaflutningabílum hafi tafir orðið á flutningum dýra vegna slyss eða bilunar í gripaflutningabílum.

Hér verður aðeins fjallað nánar um gripi sem falla í flokk 2, þ.e. dýr sem uppgötvast að eru veik eða slösuð eftir að flutningur hefst. Slíkt getur uppgötvast þegar stöðvað er til að sækja gripi á aðra bæi eða við reglubundin eftirlitsstopp á leiðinni. Dýr í flokki 2 geta flokkast í eftirfarandi undirflokk:

- Dýr sem hafa dottið, troðist undir eða slasast af öðrum orsökum, t.d. vegna árásargirni annarra dýra í flutningsrýminu, og eru með sýnilega áverka á borð við beinbrot,
- Dýr með sýnilega áverka eins og kviðslit, legsig eða eru úr lið,
- Dýr sem sýna einkenni ofhitnunar eða ofkælingar og/eða ofþornunar,
- Dýr sem sýna einkenni sjúkdóms eða sýkingar.

Þessi dýr ætti að skoða um leið og einkennin uppgötvast og grípa ætti til tafarlausra úrbóta í samræmi við ástand þeirra. Þessar úrbætur ætti að gera í samráði við dýralækni sem tekur ákvarðanir um til hvaða aðgerða skal grípa.

### 6.4.1. Góðir starfshættir varðandi umönnun veikra eða slasaðra dýra í flutningi

Ökumaður gripaflutningabíls skal kanna ástand dýranna um borð með reglulegu millibili, sérstaklega í lengri ferðum.

Þegar ástand dýranna er kannað skal gæta að eftirfarandi:

- Heilbrigði og velferð fjárins um borð,
- Mar, áverkar, blaut ull eða helti,



- Mótt eða skjálfandi fé.

Merki um ófullnægjandi flutningsaðstæður geta verið að ull fjárins flækist í flutningi, það fær sár, ullin verður blaut eða það heltist. Mar er einungis hægt að greina eftir slátrun en blaut ull og helti uppgötvast oftast við affermingu.

Meiðsli dýra í flutningi gefa til kynna að niðurröðun dýra í flutningsrýminu hafi verið röng eða innréttingar í flutningsrýminu séu ófullnægjandi. Sérstaklega skal gæta að dýrum sem liggja ennþá eftir að ökutækið hefur numið staðar og drepið hefur verið á vél þess. Ástæða þessa er að heilbrigð og óslösuð dýr standa vanalega strax upp þegar ökutækið hefur numið staðar.

Áhrif lofthita í flutningsrýminu má meta með því að fylgjast með andadrætti fjárins (má sandi fé er vísbending um að hitastigið sé of hátt). Mæði getur líka komið fram ef loftræsting í flutningsrýminu er ekki fullnægjandi. Skjálfti hins vegar bendir til þess að hitastigið í flutningsrýminu sé of lágt.

Þegar ökumaðurinn finnur slasað fé eða fé undir miklu álagi í flutningsrýminu skal hann hafa samband við dýralækni eins fljótt og kostur er.

Ef áverkar eða heilbrigðisástand fjárins er metið svo alvarlegt að það geti ekki lokið för sinni á áfangastað skal aflífa dýrið á mannúðlegan hátt og fjarlægja það úr flutningsrýminu eins fljótt og kostur er. Dýralæknirinn gefur frekari fyriræli um hvernig best er að bregðast við í hverju tilfelli fyrir sig.

#### 6.4.2. Betri starfshættir varðandi umönnun veikra eða slasaðra dýra í flutningi

Ökumaðurinn ætti að geta séð alla gripina í flutningsrýminu og því ætti hönnun þess, staðsetning gripana og aðgengi að leyfa slíkt (myndavélakerfi ef þarf).

Ökumaðurinn ætti að stöðva gripaflutningabílinn og athuga með dýrin eins fljótt og kostur er eftir að hafa lent í óvenjulegum eða erfiðum aðstæðum á vegum úti eða ef miklar breytingar verða á veðri á leiðinni.

Sérstaklega þarf að huga að veikburða, veiku eða slösuðu fé sem þó er ennþá hæft til flutnings. Mögulega gæti þurft að flýta ferðum þegar slík dýr finnast í flutningsrýminu. Aðrar ráðstafanir sem hægt er að grípa til er að gæta sérstaklega að því að þessi dýr fái skjól í slæmum veðurskilyrðum, aðskilja þau frá öðru sauðfé og koma í veg fyrir að þau ofkælist.

Umráðamenn dýra í flutningi (ökumenn) ættu að hafa lágmarksþekkingu á hvaða meiðslum eða sjúkdómum dýr í flutningum geta verið útsett fyrir og hvernig ætti að bregðast við í hverju tilfelli fyrir sig.

Ökumaðurinn ætti að halda skrá yfir niðurstöður úr eftirliti hans með fénu í flutningsrýminu á meðan á flutningi stendur í flutningsdagbók.

Ef vart verður við veikindi eða dauðsföll hóps dýra í flutningi skal tafarlaust tilkynna það til Matvælastofnunar. Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar um fjölda dýra í flutningsrýminu og eiganda þeirra, brottfararstað, brottfarartíma og áætlaðan komutíma á ákvörðunarstað. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef grunur er um alvarlegan, smitandi dýrasjúkdóm.

## 6.5. Neyðartilfelli

Neyðartilfelli geta komið upp fyrirvaralaust og krefjast tafarlausra viðbragða. Nauðsynlegt er að ökumaðurinn eða ábyrgðarmaður dýra í flutningi hafi neyðaráætlun. Hún ætti að innhalda símanúmer aðila sem veitt geta stuðning og aðstoð í neyð, t.d. símanúmer dýralæknis.

### 6.5.1. Betri starfshættir varðandi neyðartilfelli

**Bili gripaflutningabíllinn** á meðan á flutningum dýra stendur ætti að leggja áherslu á að greina ástæðu bilunarinnar og áætla viðgerðartímann. Ef ekki er mögulegt að gera við gripaflutningabíllinn á staðnum eða ef það mun taka of langan tíma ætti að umferma dýrin á annan gripaflutningabíl. Leggja ætti mat á alla þætti sem ákvarða hversu lengi dýrin geta verið um borð í kyrrstæðum gripaflutningabíl, svo sem:

- **veðurskilyrði (t.d. mun fé líða vel í flutningsrýminu í allt að fjórar klukkustundir í svölu og þurru veðri á meðan það getur mjög fljótlega ofhitnað í miklum hita og raka),**
- **aldur dýranna,**
- **tími frá síðustu brynningu og fóðrun,**
- **bilunarstaður (t.d. þjóðvegur eða sveitavegur),**
- **tími sólarhringsins,**
- **öryggi dýranna á núverandi staðsetningu farartækisins.**

**Ef umferðaróhapp verður** eiga umráðamenn dýra í flutningum að:

1. hringja í neyðarnúmerið (112) ef óhappið varð á vegum úti eða í aðra þjónustuaðila ef aðstoðar þeirra er þörf. Upplýsa skal þann sem hringt er í um:
  - a. staðsetningu óhappsins,
  - b. þá staðreynd að það eru lifandi dýr um borð í gripaflutningabílnum,
  - c. fjölda dýra um borð í gripaflutningabílnum eða sem farin eru af honum og ástand þeirra,
  - d. aðrar þekktar ógnir.
2. koma öllum dýrum af veginum og safna þeim saman eins langt fjarri umferð eins og kostur er til að fyrirbyggja frekari slys,
3. ef umráðamenn dýra í flutningum starfa á vegum sláturhúss skal hringja í neyðartengilið þess svo hann geti virkjað neyðaráætlun sláturhússins sé hún fyrir hendi. Ef sláturhúsið hefur ekki slíka neyðaráætlun þarf að lágmarki að upplýsa neyðartengiliðinn um sömu atriði og talin eru upp í lið 1 auk upplýsinga um hvort viðbragðsaðilar séu þegar á staðnum eða ekki,
4. hringja í aðra sem tilgreindir eru í neyðaráætlun sláturhússins og/eða flutningaöðilans. Veita ætti sömu upplýsingar og taldar eru upp að ofan,
5. ef skemmdir á gripaflutningabílnum og/eða tengivagni eru minniháttar og engin slys urðu á fólki skal taka myndir af vettvangi og afla upplýsinga um heimilisföng og nöfn vitna að atvikinu.

## 7. Afferming dýra

### 7.1. Inngangur

Afferming að loknum flutningi veldur álagi fyrir dýrin vegna snöggra umhverfisbreytinga. Affermingarsvæðið verður að vera öruggt og rekstrargangar vel aðgengilegir, beinir og breiðir án hindrana alla leið úr flutningsrýminu inn í stíurnar í réttinni sem dýrin fara í eftir flutning. Ökumenn og umráðamenn dýra í flutningi og við affermingu þurfa að vera meðvitaðir um að sum dýr geta verið þreytt eftir langt ferðalag. Gæta þarf að því sérstaklega að þreytt dýr verði ekki fyrir auknu álagi við affermingu.

Færni sem þarf að hafa við affermingu dýra er álíka og færni sem nauðsynleg er við hleðslu dýra á bílinn. Skoða þarf öll dýr við komu á áfangastað / við affermingu til að ganga úr skugga um að ástand þeirra sé gott og að ekkert þeirra þurfi tafarlausa umönnun. Ef nauðsyn krefur skal strax hafa samband við dýralækni.

## 7.2. Undirbúningur affermingarsvæðis

### 7.2.1. Góðir starfshættir varðandi hönnun affermingarsvæða

Skábrautin / rampurinn ætti að vera með óskreypu undirlagi og hliðarskilrúmum í viðeigandi hæð til að koma í veg fyrir að dýrin detti út fyrir eða sleppi á meðan á affermingu stendur.

Halli skábrautarinnar / rampsins má ekki vera meiri en 26 gráður (sem þýðir að hæð skábrautarinnar / rampsins getur verið 50 cm að hámarki mælt í 1 metra fjarlægð frá neðri brún hennar / hans). Mælt er með því að minnka hallann á skábrautinni / rampinum við affermingu sérstaklega þegar um lömb er að ræða. Ein leið til að minnka halla skábrautarinnar / rampsins er að lengja hana / hann.

Skábrautir / rampar með meiri halla en 10 gráður þurfa að vera útbúnir listum á yfirborðinu til að sporna við því að dýrin renni til og detti.

Skábrautin / rampurinn þarf að vera a.m.k. jafn breið og gripaflutningabíllinn.

Ökumaðurinn skal sjá til þess að skábrautinni / rampinum og gripaflutningabílnum sé stillt rétt upp saman þannig að affermingarsvæðið og bilið milli skábrautarinnar / rampsins og gripaflutningabílsins valdi ekki meiðslum á fótum dýranna.

### 7.2.2. Betri starfshættir varðandi hönnun affermingarsvæða

Vegna þess að dýr leita frekar upp á við en niður á við er mælt með að stilla halla skábrautarinnar / rampsins við affermingu í samræmi við það sé þess kostur.

Efnið sem hylur bilið á milli yfirborðs skábrautarinnar / rampsins og gólfsins í flutningsrými gripaflutningabílsins ætti að vera álagsþolið til að koma í veg fyrir að fé detti út fyrir eða að það festi fætur og/eða hljóti áverka á fótum við affermingu.

Ganga þarf úr skugga um að dýrin geti séð hvert þau eru að fara og forðast skal krappar beygjur á rekstrargöngum og affermingarsvæði, sérstaklega nálægt útgönguleið úr flutningsrýminu á samskeytum þess og skábrautarinnar / rampsins.

Hæð hliðarskilrúmana á skábrautinni / rampinum ætti að vera a.m.k. 1,2 m og ekki ættu að vera nein op eða bil á þeim sem gætu skaðað féð eða hindrað för þess.

Skábrautir / rampar verða að vera nægilega breiðir og hafa ákjósanlegan halla til að stuðla að óheftum hreyfingum fjáris við affermingu.

Affermingarsvæði ætti að vera búið færarlegri skábraut / rampi með möguleika á framlengingu svo aðstæður til affermingar verði sem ákjósanlegastar.

## 7.3. Meðhöndlun dýra við affermingu

### 7.3.1. Góðir starfshættir varðandi meðhöndlun dýra við affermingu

Gefðu dýrunum nægan tíma á meðan á affermingu stendur svo þau geti aðlagast nýjum aðstæðum (lýsingu, lykt o.s.frv.). Tilraunir til að reka of hratt á eftir dýrunum geta valdið meiðslum og haft neikvæð áhrif á velferð þeirra.

Afferma ætti dýrin í sömu hópum og þau voru í við hleðslu. Stærð hópa í affermingu ætti að miðast við stærð stíanna í réttinni sem þeir eiga að fara í.

#### Ef dýr verður eftir í flutningsrýminu eftir affermingu:

- **og dýrið er ekki veikt / slasað eða fast**, skal athuga ástæðuna fyrir því að það varð eftir með því að hvetja það áfram með leiðbeinandi bendingum helst utan frá ef hægt er.
- **og dýrið er veikt / slasað eða fast eða ófært um að hreyfa sig af öðrum ástæðum** (almennt álíka viðmið og þegar hæfi dýra til flutnings er metin), skal láta dýralækni eða dýravelferðarfulltrúa sláturhússins vita. Þeir gefa fyrirmæli um viðeigandi viðbrögð.

**Afferma ætti gripaflutningabíl með ófullnægjandi loftræstingu eða öðrum bilunum eins fljótt og kostur er.**

Miða ætti við að afferma gripaflutningabíl innan við klukkutíma eftir komu á áfangastað.

Ef dýr þarf á vernd gegn árásum annarra dýra í flutningsrýminu að halda ætti að tryggja að slík dýr séu tekin afsíðis frá öðrum dýrum.

## 7.4. Umönnun dýra eftir affermingu

Afferming sauðfjár getur valdið því miklu álagi og óþægindum. Í slíkum aðstæðum er mikilvægt að veita dýrunum viðeigandi umönnun, sérstaklega ef þau hafa slasast í flutningi.

### 7.4.1. Góðir starfshættir varðandi umönnun dýra eftir affermingu

Á ákvörðunarstað ætti ökumaðurinn að láta öll nauðsynleg gögn vegna flutninganna fylgja með dýrunum. Sláturhús hafa yfirleitt skráð verklag um hvar ökumaðurinn ætti að skilja umrædd gögn eftir.

Velferð hvers dýrahóps ætti að kanna á kerfisbundinn hátt af dýravelferðarfulltrúa sláturhúss til að ákvarða forgangsröðun, þ.e. ákvarða hvort einhver dýr hafi sérstakar velferðarþarfir og þá til hvaða ráðstafana þarf að grípa.

Gæta þarf að því að skilyrði til fóðrunar og brynningar dýra séu uppfyllt í sláturhúsrétt.

Þreytt, slösuð eða veik dýr í sjúkrastíum eiga að geta séð og heyrt í öðrum dýrum úr sama hópi þar sem aðskilnaður frá hópnum veldur dýrum álagi.

**Ef það reynist nauðsynlegt að aflifa sauðfé vegna neyðartilviks skal gera það á skjótan, öruggan og mannúðlegan hátt.**

**Starfsmaður sem ber ábyrgð á velferð dýra í sláturhúsi (dýravelferðarfulltrúi) skal vera handhafi hæfisskírteini í samræmi við *reglugerð nr. 911/2012* sem innleiðir *reglugerð EB nr. 1099/2009* um vernd dýra við aflífun hér á landi.**

#### 7.4.2. Betri starfshættir varðandi umönnun dýra eftir affermingu

Starfsmaður sem er ábyrgur fyrir dýravelferðinni í sláturhúsi (dýravelferðarfulltrúi) skal kanna velferð dýranna við affermingu og halda skrá yfir störf sín og gerðar athugasemdir.

Eins fáir einstaklingar og mögulegt er ættu að koma að aflífun dýra til að draga úr áreiti sem henni fylgir.

Meðhöndla skal sauðfé varlega og af nærgætni til að draga úr óþarfa streitu og kvíða.

### 7.5. Þrif og sótthreinsun búnaðar sem notaður er við flutning dýra

Fullnægjandi hreinlæti gripaflutningabíls sem notaður er til að flytja dýr er afar mikilvægur þáttur í að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma af völdum prífna, veira, baktería og sníkjudýra. Í þessu skyni er nauðsynlegt að þvo og sótthreinsa gripaflutningabíllinn án ástæðulausrar tafar strax og affermingu dýra á ákvörðunarstað er lokið.

#### 7.5.1. Góðir starfshættir varðandi þrif og sótthreinsun gripaflutningabíls

Áður en þvottur og sótthreinsun fer fram skal fjarlægja allan skít og koma honum fyrir á söfnunarstað fyrir skít á umráðasvæði sláturhússins. Sé gripaflutningabíllinn útbúinn söfnunarrými fyrir skít ætti að hreinsa það með heitu vatni undir háum þrýstingi (>70 bör).

Þrifaaðilinn ætti að vera í vatnsheldum hlífðarfatnaði á meðan á þrifum og sótthreinsun stendur.

Veggi og skilrúm í flutningsrýminu ætti að sótthreinsa með viðurkenndum sótthreinsiefnum strax að þrifum loknum áður en þau þorna.

Nægjanlegt magn af heitu og köldu vatni, hreinsiefnum og sótthreinsiefnum fyrir áætlaða dagsnotkun, ætti að vera til staðar á svæðinu þar sem gripaflutningabílar eru þrifnir og sótthreinsaðir.

Svæðið þar sem gripaflutningabílar eru þrifnir og sótthreinsaðir ætti að vera laust við hindranir þannig að a.m.k. tveggja metra vinnusvæði sé aðgengilegt hringinn í kringum bílana. Næg lýsing þarf að vera á svæðinu sé það notað til þrifa og sótthreinsunar á gripaflutningabílum að nóttu til.

Lýsing á svæðum þar sem gripaflutningabílar eru þrifnir og sótthreinsaðir ætti að vera 400 lux og stillt í rétta hæð miðað við hlutina sem á að þrifa.

Þvotta- og hreinsibúnaður sem og þvotta- og hreinsiefni ætti að geyma á öruggum stað og í skjóli gegn veðri og vindum.

Þegar um er að ræða gripaflutningabíl á mörgum hæðum ætti að byrja á að þrifa efstu hæðina og vinna sig niður á við.

Ökumaðurinn skal halda skrá yfir öll þrif og sótthreinsun sem framkvæmd er á gripaflutningabílnum, tilgreina hvaða þrifa- og sótthreinsiefni voru notuð og í hvaða magni og geyma þessar skráningar í bílnum. Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar Matvælastofnun (MAST) þegar þess er óskað.

## 7.5.2. Betri starfshættir varðandi þrif og sótthreinsun gripaflutningabíls

Þvottastæðið ætti að vera nægjanlega srórt og í samræmi við stærð gripaflutningabílsins sem þrifa á. Það ætti að vera í skjóli gegn veðrum og vindi og hafa vatnshalla á bilinu 5-7%.

Útbúa þarf gátlista yfir helstu atriði sem hafa þarf í huga við réttan þvott á gripaflutningabílum, s.s. mikilvægar óhreinindagildrur á bílnum, vatnsgæði, notkun samþykkrar þrifa- og sótthreinsunarátætlunar, eftirlit með að þrifin og sótthreinsunin séu rétt framkvæmd, að gripið sé til úrbóta ef svo er ekki, ásamt lista yfir samþykkt þvottaefni og sótthreinsiefni sem nota má.

Staðlaðar verklagsreglur (SOP) um þrif og sótthreinsun eiga að vera til staðar og notaðar á svæðum þar sem gripaflutningabílar eru þrífir og sótthreinsaðir.

Aukinnar aðgæslu er þörf við þrif á dekkjum og undirvagni gripaflutningabílsins, sérstaklega áður en farið er inn á sjúkdómalaus svæði.

Lyfta eða pallur ætti að vera á þrifasvæðinu til að auðvelda aðgengi að efri hluta og þaki gripaflutningabílsins.

### Réttur þvottur á gripaflutningabíl ætti að fela í sér eftirfarandi þrep:

1. Þvottur skábrauta / rampa eða gripalyftu, flutningsrýmis ásamt hjólabúnaðar;
  - a. Mokstur skíts og annars úrgangs (í samræmi við EB reglugerð 1069/2009 (Cat II) sem innleidd hefur verið hér á landi með reglugerð 674/2017),
  - b. Þvottur með þvottaefni,
  - c. háþrýstþvottur,
  - d. sótthreinsun yfirborðsflata áður en þeir þorna,
2. Þvottur og sótthreinsun ytra yfirborðs,
3. Sótthreinsun ökumannshússins.

**Einnig skal sótthreinsa hlífðarfatnað, skóbúnað og annan búnað sem ökumenn og aðstoðarmenn hans nota við flutning dýra.**

## 8. Viðauki – Samantekt þekkingar um góða og betri starfshætti varðandi flutninga sauðfjár

### 8.1. Góðir starfshættir

#### 8.1.1. Hönnun gripaflutningabíls

1. Gripaflutningabíllinn skal vera hannaður þannig að:
  - a) komið sé í veg fyrir meiðsli og þjáningu dýra í flutningi og öryggi dýranna sé tryggt.
  - b) dýrum í flutningi sé veitt skjól gegn veðri og vindum ásamt miklum hita- og loftlagsbreytingum.
  - c) að auðvelt sé að þrifa og sótthreinsa alla hluta hans.
  - d) að dýrin geti ekki sloppið eða fallið út fyrir flutningsrýmið og geti þolað þrýstinginn sem hreyfing bílsins hefur á þau á meðan bíllinn er á hreyfingu.
  - e) auðvelt sé að hafa eftirlit með ástandi dýranna og bregðast við ef dýr þarfnast sérstakrar umönnunar á meðan á flutningi stendur.
  - f) að næg lýsing sé til staðar til að geta haft eftirlit með dýrunum á meðan á flutningi stendur.
2. Flutningsrými gripaflutningabílsins skal vera með óskreypu undirlagi.

3. Gólf flutningsrýmis gripaflutningabílsins skal vera þannig hannað að þvag og saur leki ekki af út af bílnum.
4. Nægilegt rými þarf að vera í hólfum í flutningsrýminu til að tryggt sé að eðlislægar hreyfingar dýra séu ekki heftar og að fullnægjandi loftstreymi sé í flutningsrýminu.
5. Skilrúm þurfa að vera nægilega sterkbyggð til að þola þunga dýranna. Skilrúmin þurfa að vera þannig hönnuð að það sé auðvelt og hraðvirkt að stilla þeim upp og færa þau til sé þess þörf.
6. Gripaflutningabíla skal merkja skýrt og sýnilega þannig að ljóst sé að þeir séu notaðir til að flytja lifandi dýr.
7. Gripaflutningabílar þurfa að vera búnir viðeigandi búnaði til hleðslu og affermingar dýra.
8. Aðstaða til að setja dýr á gripaflutningabíl og afferma hann, þar með talinn gólfllöturinn, skal vera þannig hönnuð að:
  - a. komið sé í veg fyrir meiðsli og þjáningu dýra og æsingi og sársauka við rekstur dýra sé haldið í lágmarki. Sérstaklega skal gæta að því að gólfpletir séu ekki hálrir og að hliðarskilrúm séu til staðar til að koma í veg fyrir að dýr sleppi;
  - b. hægt sé að þrifa hana og sóttþreinsa.
9. Halli skábrauta / rampa ætti ekki að vera meiri en 26 gráður sem jafngildir u.þ.b. 50% halla miðað við jafnsléttu.
10. Þar sem hallinn er meiri en 10 gráður sem jafngildir 17,6% halla miðað við jafnsléttu, þurfa skábrautir / rampar að vera útbúnir gólflistum til að tryggja að dýrin komist auðveldlega upp og niður án þess að renna til.
11. Lyftur og efri hæðir þurfa að vera með skilrúmum til að koma í veg fyrir að dýr falli út fyrir eða sleppi við rekstur á og af gripaflutningabílnum.

### 8.1.2. Velferð dýra í flutningi

1. Dýrin þurfa að vera hæf til flutnings.
2. Sjá skal til þess að undirlagið í flutningsrýminu stuðli að góðri velferð fjárens um borð. Undirlagið þarf að tryggja að þvag og saur safnist ekki fyrir á gólfpletinum.
3. Við rekstur dýra á og af gripaflutningabíl skal nota viðeigandi hjálparbúnað, svo sem skábrautir / rampa með óskreypu undirlagi og hliðarskjólborðum þar sem þess er þörf.
4. Þegar dýr eru rekin á gripaflutningabíl má ekki slá þau eða valda þeim óþarfa sársauka eða þjáningum með því að beita þau þrýstingi á hvaða hluta líkamans sem er. Hvorki ætti að lyfta þeim með hvers konar vélbúnaði né draga þau á ull eða lyfta á höfði, hornum eða útlimum. Það er einnig bannað að nota rafstauta eða verkfæri með skörpum oddum til að reka dýrin áfram.
5. Aðskilja þarf dýr af mismunandi stærðum og mismunandi aldri í flutningi; kynþroska karldýr skal aðskilja frá kvendýrum; hyrnt dýr þarf stundum að aðskilja frá kollóttum dýrum; dýr sem eru árársargjörn þarf að aðskilja frá öðrum dýrum.
6. Svæðið þar sem dýr eru rekin á gripaflutningabíl þarf að vera nægjanlega stórt miðað við fjölda dýra sem til stendur að flytja.
7. Fullnægjandi loftræsting þarf að vera til staðar til að uppfylla þarfir dýranna og taka skal mið af fjölda þeirra, dýrategund og veðurskilyrðum á meðan á flutningum stendur.
8. Flutningstími til sláturhúss má ekki fara yfir 10 tíma.

## 8.2. Betri starfshættir

### 8.2.1. Hönnun gripaflutningabílsins

1. Gripaflutningabíllinn þarf að vera útbúinn loftræstingu sem sér til þess að hitastigið í flutningsrýminu haldist á milli 5°C og 30°C með vikmörkum upp á +/- 5°C allan flutningstímann hvort sem bíllinn er á hreyfingu eða kyrrstæður.
2. Loftræstikerfið ætti að tryggja rétta loftdreifingu í flutningsrýminu með lágmarksloftstreymi upp á 60 m<sup>3</sup>/klst á 100 kg af lifandi þyngd og geta unnið í a.m.k. 4 klukkustundir án þess að vél bílsins sé í gangi.
3. Gripaflutningabíllinn ætti að vera útbúinn hitastýringarkerfi auk skynjara sem skráir niðurstöður hitamælinga í flutningsrýminu. Staðsetja ætti skynjarana í þeim hlutum flutningsrýmisins sem helst eru útsettir fyrir breytingum á loftslagsskilyrðum.

4. Gripaflutningabíllinn ætti að vera búinn viðvörunarkerfi sem gerir ökumanninum viðvart þegar hitastig í flutningsrýminu nær ákveðnu hámarki eða lágmarki.
5. Gripaflutningabíllinn ætti að vera útbúinn ökurita sem getur numið og skráð upplýsingar um ferðir bílsins og upplýsingar um opnun / lokun afturhlerans.
6. Matvælastofnun skal skoða gripaflutningabíllinn með reglulegu millibili.

### 8.2.2. Velferð dýra í flutningi

1. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að lágmarka flutningstíma dýra og koma til móts við þarfir þeirra á meðan á flutningi stendur.
2. Flutningur á áfangastað skal fara fram án tafar og reglulega skal fylgjast með velferð dýranna í flutningsrýminu og henni viðhaldið svo viðunandi sé.
3. Merkja þarf gripaflutningabíllinn þannig að öðrum vegfarendum sé ljóst að á honum séu lifandi dýr.
4. Flutningsaðilar, ökumenn og umráðamenn dýra skulu hafa fullnægjandi þekkingu á dýravelferð og sjúkdómavörnum í sauðfé.